

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 19. febrúar 2008, kl 17:15.

Mætt: Elliði Vignisson, Gunnar Friðfinnsson, Ólafur Elísson, Sigurhanna Friðþórsdóttir, Haraldur Pálsson, Magnús Sigurðsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerðir síðustu tveggja funda voru lagðar fram og samþykktar.

1. Skólastarfið og það helsta framundan.

Frá síðasta fundi hefur skólastarfið gengið sinn vanagang. Unnið hefur verið að gagnaöflun vegna stefnumótunarvinnu, þróunarverkefni v/almennu brautarinnar og undirbúningi á sérstakri kynningu á skipstjórnar og vélstjórnarnámi ásamt heimavist. Skólameistari sótti fund á vegum félags forstöðumanna ríkisfyrirtækja og sama dag fór hann til fundar við fulltrúa fasteigna ríkisins, til að ræða viðhaldsmál. Þrír fulltrúar frá þeim komu síðan í heimsókn í skólan 12. febr. Þann 15. febrúar var svo fundur með fulltrúum menntamálaráðuneytisins, þar sem farið var yfir stöðu skólans á flestum sviðum. Uppgjör ársnemenda (222) ársins 2007, fjárhagsuppgjör og rekstraráætlun næsta árs. Einnig voru lögð drög að nemendaspá fyrir 2009 og farið yfir hugsanleg útgjaldatilfni 2009, umfram reiknilíkan. Gildandi skólasamningur var yfirfarinn og ræddur. Framundan er miðannarmat, sem er mat á námslegri stöðu nemenda, gert í öllum áföngum og birt nemendum á INNU upplýsingakerfi framhaldsskólanna og auk þess sent heim til ólögráða nemenda. Opnir dagar verða 5. – 7. mars og lýkur þeim með árshátíð þann 7. mars. Óljóst er hvort eða hversu mikil truflun verður á skólastarfinu vegna loðnufrystingar, en ekki lítur út fyrir að hún verði mikil vegna lítils kvóta. Síðasti kennsludagur fyrir páskaleyfi verður 14. mars.

2. Nýtt framhaldsskólafrumvarp.

Fundarmenn fóru yfir og ræddu helstu áherslur og nýmæli í nýju frumvarpi um framhaldsskóla, sem nú liggur fyrir Alþingi. Þótti mönnum í því felast ýmis tækifæri til að styrkja skólan og skerpa á sérstöðu hans. Meðal annars veltu menn fyrir sér hvort möguleiki væri að fá skipstjórnarnámið alfarið til Eyja. Huga þarf að því að fara í þá vinnu sem nauðsynleg er til að nám við skólan fái tilskylda vottun, svo gefa megi út fullgild alþjóðaskírteini að loknu skipstjórnar- og vélstjórnarnámi.

3. Rekstraráætlun ársins 2008.

Rekstraráætlun lögð fyrir og rædd. Gert er ráð fyrir útgjöldum uppá tæpl 180 milljónir og tekjum uppá 6,1 millj, þannig að ríkissjóður greiðir um 174 milljónir til skólans. Inni í þeirri tölu er 10 milljónir sem er framlag vegna mótvægisáðgerða stjórnvalda.

3. Önnur mál.

Rætt var um kynningarstarf á vorönn 2008 og þá sérstaklega skipstjórnar- og vélstjórnarnám skólans ásamt heimavistarmöguleika sem býðst í samráði við Hótel Hamar.

Næsti fundur verður væntanlega fljótlega eftir páskaleyfi

Fleira ekki gert, fundi lauk um kl 18:45
Ólafur H. Sigurjónsson.